



Mynd: Michael Neumann



Vestfjarðastofa

# VESTFJARÐASTOFA

## FRÉTTABRÉF JANÚARMÁNAÐAR 2024

 VESTFJARÐASTOFA  
SUÐURGATA 12  
400 ÍSAFJÖRÐUM

 FV@VESTFIRDIR.IS  
 WWW.VESTFIRDIR.IS  
 450-6600



## JANÚAR - MÁNUÐUR SKRÍÐPUNGANS

Janúar er með skrítnari mánuðum ársins. Sumir leyfa sér jafnvel að segja að hann sé leiðinlegastur allra mánaða og þó það byggi ekki á hárnákvæmum vísindum hafa samt einhverjir greint, út frá áhugaverðum breytum, að innan hans leynist versti dagur ársins. Á sama tíma er hann líka tími hækkandi sólar með endurkomu hennar úr vetrardvalanum á mörgum stöðum á Vestfjörðum. Janúar markar upphaf þorra og þorrablótanna og byrjunar á ári sem felur í sér nýjar vonir og væntingar.

Janúar er fremur undarlegur með tilliti til hvernig tíminn innan mánaðarins líður. Líkt og vænta má, fer hann yfirleitt fremur hægt af stað eftir hátíðarnar, en hefur svo í framhaldinu einstakt lag á að hlaða utan á sig og framrás verkefna fer frá núll þann fyrsta janúar upp í sirka 100 þann þritugasta og fyrsta. Með hverjum deginum eykst skríðþungi verkefnanna og litli snjóboltinn sem maður hélt á í hendi sér í upphafi mánaðar er orðinn heilt snjóhús undir lok hans, með fjölmörgum herbergjum. Þá er ekkert annað að gera en halda sig við efnið. Halda áfram að moka, breyta og bæta.

Verkefnin eru fjölmörg sem við stöndum frammi fyrir þetta herrans ár. Má þar nefna gríðarmikilvæga vinnu við svæðisskipulag Vestfjarða og vinnu við nýja sóknaráætlun fjórðungsins. Það er gott ef íbúar gefa þessari vinnu sérstakan gaum og taka þátt í vinnunni þegar að færi gefst, því þessar tvær áætlanir leggja til við að marka veginn framundan á Vestfjörðum og þau verkefni sem lögð verður áhersla á að vinna að.

Við gerð áætlana sem þessara er mikilvægt að geta litið yfir sviðið, aftengt sig aðeins vandamálum líðandi stundar og reyna að líta til framtíðar. Gera okkur í hugarlund þá Vestfirði sem við viljum skref fyrir skref skapa á komandi árum. Hvernig verða Vestfirðir árið 2045? Það er stór spurning og ekki auðveld þar sem það er svo langt þangað til. Höfum þá í huga, allavega við sem komin erum af léttasta skeiði, að það er styttra til ársins 2045 en aftur til ársins 2000.

Í janúarblaði Vestfjarðastofu er litið yfir farinn veg hjá starfsfólki á síðasta ári og horft inn í verkefni ársins í ár. Það getur verið gott að fá að skyggjast aðeins á bak við tjöldin til að sjá vinnu sem stundum getur virkað ögn ósýnileg. Ekki að við þjáumst af knýjandi þörf til þeyta okkar eigin lúðra, en mikilvægt er að gera grein fyrir þeirri vinnu sem verið er að vinna fjórðungnum til heilla.

Stysti mánuður ársins er handan við hornið með sérstökum glaðningi, því í ár er hlaupár og fáum við því öll bónusdag til góðra verka.

*Sigríður Ó. Kristjánsdóttir*  
Framkvæmdastjóri Vestfjarðastofu

Innviðamál, skipulagsmál og starfsemi á vettvangi Fjórðungssambands Vestfirðinga voru efst á baugi hjá Aðalsteini árið 2023. Í innviðamálum var það að greina og koma á framfæri áherslum landshlutans gagnvart stjórnvöldum. Landshlutinn þarf samkeppnishæft vegakerfi en bág staða vegakerfisins, líkt og annarra innviða, hefur um áratugaskeið hamlað þróun samfélags og atvinnulífs á Vestfjörðum.

Árið 2023 gaf sannarlega ástæður til fagnaðar. Stórir áfangar náðust í vegagerð; þverun Þorskafjarðar, opnun vegar um Teigskóg og áframhald á endurbyggingu á Dynjandisheiði. Eftir standa þó vegkaflar í stofnvegakerfinu sem þarf að ljúka við á öllum atvinnusvæðum á Vestfjörðum, flöskuhálsar sem hamla að endurbætt vegakerfi nýttist landshlutanum að fullu. Skortur á auknu fjármagn til vetrarþjónustu Vegagerðarinnar á Vestfjörðum eru vonbrigði að sögn Aðalsteins og augljós mismunur á þjónustutíma miðað við aðra landshluta. Stærstu vonbrigðin eru þó forgangsröðun jarðgangaframkvæmda sem að óbreyttu leiða til seinkunar framkvæmda um áratugi, sem er óásættanlegt.

Sérstaða orkumála á Vestfjörðum er viðvarandi orkuskortur og takmarkanir í flutningskerfi segir Aðalsteinn. Til að halda þessum málefnum á lofti var stofnað til Orkuþings Vestfjarða síðasta vor. Kynnt var staða orkuverkefna, upplýst um hindranir og framvindu og rýnt í framtíðarhorfur, m.a. orkuskipti. Orkuþingið var afar vel sótt af hálfu almennings, fulltrúa atvinnulífs, félaga, stofnana, sveitarfélaga og ráðuneyta.

Starfshópur umhverfis, orku og loftlagsráðherra skilaði á síðasta ári tillögum til ráðuneytisins um aðgerðir til eflingar samfélaga á Vestfjörðum, auk tillaga til sveitarfélaga. Í takti við fyrri skýrslur kvað hún afdráttarlaust á um lausnir á orkuvanda Vestfjarða. Það er nú í höndum ráðuneyta, stofnana og einkaaðila að leysa úr því og segir Aðalsteinn gæta þurfi að samspili allra aðila og forðast hindranir sem stöðva framþróun.

Merkir áfangar voru í skipulagsmálum á Vestfjörðum 2023 og Aðalsteinn telur að litið verði til þessa árs eftir því sem tíminn líður. Staðfesting fékkst á Strandsvæðaskipulag Vestfjarða á grundvelli tillögu svæðisráðs sem er merkur áfangi fyrir Fjórðungssambandið, en það hefur beitt sér hart fyrir því allt frá því árið 2008.

# Aðalsteinn Óskarsson

Vinna við gerð Svæðisskipulags Vestfjarða hófst með stofnun svæðisskipulagsnefndar og auglýsingu útboðs. Mikil en skemmtileg vinna, þar sem gerð var verk- og kostnaðaráætlunum og tekið saman allt tiltækt efni um atvinnulíf, innviði og samfélag og samfélagsþróun á Vestfjörðum. Árið 2024 verður því bæði annasamt og gefandi hjá Aðalsteini við áframhald þessarar vinnu.

Vel gekk að reka hefðbundin verkefni í góðu samstarfi við samstarfsfólk í Vestfjarðastofu og fulltrúa í sveitarstjórnnum á Vestfjörðum. Þeir ferlar sem hafa verið byggðir upp eru vandaðir og góðir og mikil reynsla og þekking byggst upp. Hún skilar sér nú m.a. við framkvæmd Sóknaráætlunar Vestfjarða. Sama á við starfsemi Fjórðungssambandsins í samstarfi sveitarfélaganna og þátttöku sveitarstjórnarfulltrúa á Fjórðungþingi. Fjórðungþingin leggja grunn að málum sem fylgt er síðan eftir gagnvart stjórnvöldum, með umsagnagerð til Alþingis og í Samráðsgátt, auk fjölda funda með ráðuneytum, stofnunum, nefndum Alþingis og einstaka þingmönnum. Allt þetta leggur til við að varða vegin að bættum hag og bjartri framtíð á Vestfjörðum.



# SIGRÍÐUR Ó. KRISTJÁNSDÓTTIR

Starf framkvæmdastjóra Vestfjarðastofu er fjölbreytt og skemmtilegt og fjölmörg verkefni renna yfir borð - eða tölvuskjá framkvæmdastjóra. Árið 2023 var þar engin undantekning. Þegar litið er yfir árið og helstu viðfangsefni ársins þá ber oft við orðið samstarf þar sem eitt af hlutverkum Vestfjarðastofu er að skapa og sinna samstarfi á fjölmörgum sviðum.

Mánaðarlegir samráðsfundir bæjar- og sveitarstjóra á Vestfjörðum eru mikilvægir til að spjalla og spegla málefni liðandi stundar og hið sama gildir um reglulega fundi með öðrum framkvæmdastjórum landshlutasamtaka og Byggðastofnun. Á árinu voru einnig teknir upp reglulegir fundir formanna og framkvæmdastjóra landshlutasamtaka með Sambandi íslenskra sveitarfélaga.

Af öðrum samstarfsvettvöngum eða stjórnunum sem framkvæmdastjóri situr í má nefna stjórn Stúdentagarða Háskólaseturs Vestfjarða, stjórn Bláma, samráðsnefnd í fiskeldi og skólanefnd Menntaskólans á Ísafirði. Á liðnu ári var seta í stjórn Stúdentagarða eðlilega fyrirferðarmest af þeim sem upp eru taldar þar sem bygging 40 íbúða stóð yfir mest allt síðasta ár. Nú stendur fyrir dyrum bygging nýs verkmenntahúss við Menntaskólann á Ísafirði þannig að segja má að spennandi tímar séu tengdir umgjörð menntunar á Vestfjörðum þessa dagana.



Í því samhengi má einnig nefna gerð Menntastefnu fyrir Vestfirði sem unnið var að á síðasta ári og hún send sveitarfélögum í lok ársins. Í því samtali kom fram að leita þyrfti leiða til að skila menntastefnu með tengdri aðgerðaáætlun og er nú unnið að þeim þætti málsins.

Framkvæmdastjóri annast einnig gerð starfsáætlunar fyrir Vestfjarðastofu, annast fjármálastjórn og umsjón með gerð ársreiknings og ársskýrslu. Þessi verkefni eru jafnan tímafrek á fyrri hluta árs og tengjast ársfundi þar sem þessi gögn eru lögð fram til umfjöllunar fulltrúaráðs Vestfjarðastofu.



Tölvuteikning af stúdentagarðunum sem risu og voru teknir í notkun á síðasta ári



## SIGRÍÐUR Ó. KRISTJÁNSDÓTTIR FRH.

Á síðasta ári voru innleiddar breytingar á samsetningu stjórnar Vestfjarðastofu í kjölfar breytinga á samþykktum stofnunarinnar á ársfundi 2022. Í þessum breytingum fólst stofnun Sóknarhóps Vestfjarðastofu sem er “fyrirtækjarmur” Vestfjarðastofu og á fjóra fulltrúa í stjórn á móti fimm fulltrúum sveitarfélaga. Með stofnun Sóknarhóps eiga fulltrúar atvinnulífs og menningar öflugt bakland rúmlega 100 fyrirtækja sem mynda Sóknarhóp. Öll starfandi fyrirtæki, stofnanir, samtök og aðilar í menningu og listum geta gengið í Sóknarhóp. Stjórn sóknarhóps er kosin árlega á ársfundi Sóknarhóps og sitja fjórir af fimm stjórnarmönnum í stjórn Vestfjarðastofu og fimmti stjórnarmaðurinn er áheyrnarfulltrúi.

Önnur verkefni framkvæmdastjóra lúta að starfsmannastjórn fyrir stofnunina og annast umsjón með ráðningum nýrra starfsmanna. Fjórir nýjir starfsmenn voru ráðnir á síðasta ári bæði í tímabundin verkefni og ótímabundnar ráðningar. Ráðningar eru jafnan nokkuð tímafrekt ferli sem felur í sér að auglýsa starfið, vinna úr umsóknum, taka viðtöl og velja úr hópi hæfra umsækjenda.

Hagsmunagæsla og kynningar á starfsemi Vestfjarðastofu eru líka stór hluti af starfi framkvæmdastjóri og felst í að koma á framfæri sjónarmiðum Vestfjarða á eins markvissan hátt og mögulegt er. Samskipti við þingmenn, ráðuneyti og stofnanir ríkisins eru þar stór þáttur.

Á árinu kom framkvæmdastjóri með einum eða öðrum hætti að flestum þeim fjölmörgum verkefnum sem starfsmenn vinna. Það gefandi og skemmtilegt að vinna með jafn hæfum hópi sérfræðinga og starfa hjá Vestfjarðastofu. Umræður um verkefni framundan eru stöðugt viðfangsefni og mikilvægur þáttur í að halda yfirsýn eru vikulegir fundir þar sem starfsfólk fer yfir verkefni framundan. Þessir fundir ásamt daglegum fundum í dagsbyrjun hjálpa okkur að halda fókusi og þrátt fyrir að sitja á þremur starfsstöðvum þá náum við að halda góðu sambandi.

Stjórnarfundir eru jafnan 8-10 á hverju ári. Auk þess eru vikulegir fundir framkvæmdastjóra og sviðsstjóra byggðamála. Stjórn Vestfjarðastofu og Fjórðungssambands Vestfirðinga fundar að auki árlega að hausti með öllum starfsmönnum Vestfjarðastofu til að ræða verkefni ársins sem er að líða og starfsáætlun þess næsta. Meðal verkefna sem fengu mikið pláss á árinu í störfum framkvæmdastjóra, auk þess sem nefnt hefur verið hér að ofan má nefna umhverfis- og loftslagsmálin, orkuskipti, verkefnið virðisauki á sauðfjárræktarsvæðum, hringrásarverkefni á Reykhólum og málefni fiskeldis.

Árið 2023 var mér erfitt persónulega eins og mörgum er kunnugt sem þetta lesa og vil ég ljúka þessari samantekt á að þakka af heilum hug starfsfólki og stjórn Vestfjarðastofu fyrir tillitssemi og stuðning á liðnu ári. Öðrum þakka ég fyrir samhug og stuðning. Takk öll.

# GUÐRÚN ANNA FINNBOGADÓTTIR

Guðrún Anna er teymisstjóri atvinnu- og byggðaðróunar og er hún með aðsetur á Patreksfirði.

Vestfjarðastofa var í sókn í nýsköpun og samstarfi við fyrirtækin árið 2023. Guðrún Anna leiddi vinnu við stofnun Sóknarhóps Vestfjarðastofu, sem hún og Sölvi Guðmundsson fara fyrir. Undir merkjum hans starfa tveir hópar, fyrirtæki í framleiðslu og iðnaði og Markaðsstofa Vestfjarða. Sóknarhópurinn nær yfir alla í einkarekstri og hefur að markmiði að efla samvinnu og treysta rödd atvinnulífsins. Sóknarvirki Vestfjarða var eitt verkefna Guðrúnar Önnu í samstarfi við Bláma. Starfandi fyrirtæki gátu þar fengið styrk fyrir sérfræðiaðstoð í nýsköpunarverkefnum með sjálfbærni að leiðarljósi. Verkefnið var keyrt af krafti yfir þriggja mánaða tímabil og þótti heppnast sérstaklega vel.

Atvinnuráðgjafar frá öllum kjördæmum fóru til Noregs í maí og fræddust um stöðu mála í Þrándheimi og Osló. Þar er sterk umræðan um aukna sókn erlendra aðila í víðerni og náttúruauðlindir. Norðmenn standa mjög framarlega í menntun og rannsóknum í tengslum við fiskeldi, hafið og þróun byggða í dreifbýlinu sem var gaman að sjá.

Undirbúningur Vatneyrarbúðar, rannsóknarmiðstöðvar á Patreksfirði, hefur verið á fullu. Með tilkomu hennar er ætlunin að efla rannsóknir- og eftirlitsstörf tengdu helstu atvinnugreinum á Vestfjörðum.

Sjávarútvegsklasinn er eitt af verkefnum Guðrúnar Önnu en hann fór í vorheimsókn til Bolungarvíkur þar sem mikil uppsveifla hefur verið í atvinnulífinu. Fjórða árið í röð styrkti klasinn háskólanema í gegnum verkefnið Hafsjór af hugmyndum, sem ætlað er skapa tengsl og efla rannsóknir í sjávarútvegi.

Guðrún Anna var á ferð og flugi síðasta haust, sótti þörunaráðstefnu, Sjávarútvegsráðstefnuna og Lagareldi, ráðstefnu um fiskeldi í sjó og á landi. Þá var hún fulltrúi Vestfjarðastofu á Arctic Circle. Vestfjarðapema var á lokakvöldinu sem var afar glæsilegt.



Stórt skref var stigið þegar Arnarlax fór á íslenskan markað og var haldinn glæsilegur fundur í Skjaldborgarbíói á Patreksfirði af því tilefni. Starfsmenn Vestfjarðastofu hafa lagt mikla vinnu í hagsmunagæslu tengda fiskeldinu fyrir sveitarfélögin og fyrirtækin. Við gerð frumvarps Matvælaráðuneytisins um lagareldi var unnin góð vinna með hagaðilum. Fyrstu drög litu vel út en þau áföll sem dundu á í greininni lituðu vinnuna á lokasprettinum. Það er því mikilvægt að gæta meðalhófs við áframhaldandi meðhöndlun þess.

Vestfjarðastofa aðstoðaði fjölda fyrirtækja til að sækja um í fjölbreyttum sjóðum og hlutu mörg hver góða styrki. Spannandi verður að sjá hvernig þau verkefni munu efla atvinnulífið og samfélagið.

Árið 2024 heldur Guðrún Anna ótrauð áfram í þeim verkefnum sem þegar eru í gangi. Stefnan er að skerpa ímynd Vestfjarða og greina hvaða gildi við Vestfirðingar stöndum fyrir og horfa til framtíðar. Guðrún Anna tekur vel á móti öllum þeim sem vilja efla sitt fyrirtæki með þátttöku í verkefnum og aðstoðar við að sækja um styrki. Atvinnuráðgjafar Vestfjarðastofu geta leiðbeint fyrirtækjum hvaða leiðir eru bestar í ólíkum viðfangsefnum auk þess að tengja aðila saman í spennandi verkefni.



Magnea (fyrir miðju) ásamt stýrihóp Stjórnarráðsins í heimsókn hans á Ísafjörð síðasta haust

## MAGNEA GARDARSDÓTTIR

Magnea hefur verið hjá Vestfjarðastofu allt frá stofnun hennar árið 2018. Hún hefur sinnt ólíkum verkefnum um dagana og var lengi í ferðaþjónustuhlutanum, en á síðasta ári fór hún meira að vinna í innri málum. Hún hefur verið að gera breytingar á heimasíðunni [www.vestfiridir.is](http://www.vestfiridir.is), einfalda hana og gera gögn aðgengilegri og er sú vinna enn í gangi. Þá réðst hún í að gera breytingar á skrifstofuhúsnæði Vestfjarðastofu á Ísafirði svo gera mætti rýmið aðgengilegra fyrir minni fundi og gesti og viljum við hvetja ykkur til að færa ykkur það í nyt ef þið þurfið kannski dagspart borð og internet.

Magnea sér um ýmiskonar viðburðahald fyrir Vestfjarðastofu en þar er helst að nefna Fjórðungaping að hausti sem haldið var í Bolungarvík í byrjun október og tókst með eindæmum vel. Hún hefur unnið með sveitarfélögum sem eru þátttakendur í Brothættum byggðum og hefur verið í verkefnisstjórn Sterkra Stranda og Áfram Árneshrepps. Magnea var umsjón með fréttabréfi Vestfjarðastofu síðustu þriðju og sinnti því af festu mánaðarlega, en það er nú komið á borð Önnsku.

Magnea er einn helsti starfsmaður Uppbyggingarsjóðs Vestfjarða. Þar sinnir hún flestri þeirri skrifinsku sem þarf; gerð samninga, yfirfara lokaskil frá styrkþegum og greiðslu styrkja. Uppbyggingarsjóður veitir fjármagni í gegnum samkeppnissjóð til menningar- og nýsköpunarverkefna, auk þess að veita stofn- og rekstrarstyrki og eru styrkveitingarnar grundvallaðar á þeirri stefnu sem mörkuð hefur verið í Sóknaráætlun Vestfjarða og er Magnea hafsjór af fróðleik um öll hans mál.

Gerð nýrrar Sóknaráætlunar og verður efst á baugi hjá Magneu á árinu. Hvað varðar innri málin verður það gerð Skjalavistunaráætlunar ásamt málalýklakerfi. Einnig er vinna komin á fullt við að uppfæra útgefið efni og gögn á heimasíðu Vestfjarðarstofu.

Lokahnykkur verður á verkefni sem ber heitið Slaskie og er samstarfsverkefni Vestfjarðastofu, Fræðslumiðstöðvarinnar og Menntaskólans Á Ísafirði við héraðið Slaskie í Póllandi. Verkefnið er fræðsluverkefni sem lýtur að því að miðla upplýsingum um hvernig við fáum ungmenni í iðnám og hvernig iðnnámi er háttað á Íslandi. Á áætlun er lokaráðstefna sem haldin verður í Katowice í apríl.

Það má segja að Magnea sé orðin hluti af innréttungum Vestfjarðastofu, rótgróin starfsemi. Þið getið því leitað til Magneu um allra handa mál er varða Vestfjarðastofu sem slíka, sem og allt sem viðkemur Uppbyggingarsjóði. Fyrir daga Vestfjarðastofu var hún hjá Atvinnuþróunarfélagi Vestfjarða og hefur hún því góða þekkingu á málefnum atvinnuþróunar og er hægt að leita til hennar um gerð viðskiptaáætlana.

# SIGURÐUR LÍNDAL ÞÓRISSON

Helstu verkefni Sigurðar árið 2023 tengdust verkefnisstjórn Brothættra byggða í Strandabyggð. Verkefni Brothættra byggða eru afar fjölbreytt og taka mið af aðstæðum í hverju byggðarlagi fyrir sig og þeim verkefnum sem sveitarfélagið eða aðrir opinberir aðilar kalla eftir. Vinnan tekur einnig mið af því sem einkaaðilar þarfnast aðstoðar með eða aðkomu verkefnisins að. Fastur liður í starfsemi Sterkra Stranda er árleg úthlutun fjármuna úr Frumkvæðissjóði og er undirbúningur úthlutunar, sem og samskipti og eftirfylgni gagnvart styrkþegum, fastur liður í störfum verkefnastjóra í Brothættum byggðum um land allt. Í Strandabyggð hafa skil og frágangur styrktra verkefna gengið með miklum ágætum.



Seinni hluta ársins var vinna vegna rekstrarstöðvunar rækjuvinnslu Hólmadrangs fyrirferðarmikil í störfum Sigurðar, samskipti við þingmenn, ráðuneyti og fjölda hagaðila með það að leiðarljósi að lágmarka skaðann af þessu áfalli fyrir atvinnu- og mannlíf á svæðinu. Þá var leitað leiða til reyna að gera sem mest úr þeim möguleikum sem stórar breytingar sem þessar hafa í för með sér. Góðu fréttirnar eru þær að það eru vænlegir sprotar í vexti í Strandabyggð; sprotar sem Sterkar Strandir hafa stutt dyggilega með fjármunum og vinnuframlagi verkefnisstjóra. Vonir standa til að þau fyrirtæki sem hófu starfsemi á tíma Sterkra Stranda, og með fulltingi verkefnisins, verði arfleifð þeirra til framtíðar. Það er raunhæf framtíðarsýn að íbúar geti litið um öxl að nokkrum árum liðnum og bent á störf, og fólkið sem kom í samfélagið til að sinna þeim, sem beina afurð þeirra.

Margt hefur áunnist og með samstilltu átaki geta Sterkar Strandir náð stórum skrefum fram á við á þessu lokaári verkefnistímans. Í fyrra hóf Sigurður undirbúning og hagsmunagæslu tengda stofnun Strandanefndar. Miklar væntingar standa til þess að þessi landshlutanevnd um málefni Stranda skili miklum árangri fyrir svæðið í heild sinni.

Önnur helstu verkefni Sigurðar snúa að gerð umsókna í stóra samkeppnissjóði og samstarfsverkefnum innanlands og utan, auk almennrar ráðgjafar til fyrirtækja og frumkvöðla. Vestfirskar stofnanir og fyrirtæki eru almennt að ná góðum árangri í samkeppnissjóðum, þó Sigurður segi gremjulegt hve landsbyggðin öll á undir högg að sækja þegar kemur að úthlutunum stærstu sjóða ríkisins. Í þeim efnum tekur höfuðborgarsvæðið til sín fjármuni langt umfram hlutfall höfðatölu, sem er kerfislegt vandamál sem krefst kerfislegra breytinga til að bót verði á því.

Til Sigurðar má leita varðandi alla almenna ráðgjöf sem viðkemur fyrirtækjarekstri, frumkvöðlastarfi og menningarstarfi. Sigurður getur einnig verið innan handar við gerð umsókna í hverja þá samkeppnissjóði sem vestfirskum aðilum hugnast að sækja í.



# SKÚLI GAUTASON

Skúli Gautason hefur verið menningarfulltrúi Vestfjarða frá árinu 2016 og er hann með starfsstöð á Hólmavík. Af verkefnum Skúla á síðasta ári má nefna að hann var verkefnisstjóri barnamenningarhátíðarinnar Púkans sem haldin var í septembermánuði og er þetta í fyrsta sinn sem sameiginleg barnamenningarhátíð er haldin um alla Vestfirði. Vinna er hafin við næstu hátíð sem haldin verður í apríl, en í endurmati eftir síðustu hátíð kom fram vilji til að færa hana frá hausti yfir á vor.

Eitt af verkefnum Skúla frá upphafi hefur verið að stýra umsóknarferli Uppbyggingarsjóðs Vestfjarða, var það einnig svo á síðasta ári og verður svo í ár. Uppbyggingarsjóður styrkti síðast 57 spennandi verkefni og áhugavert verður að fylgjast með framvindu þeirra á næstu misserum.

Áfram Árneshreppur var í sex ár hluti af verkefni Byggðastofnunar, Brothættum byggðum og lauk því forlega um áramótin. Skúli var verkefnisstjóri Áfram Árneshrepps, sem að flestu leyti heppnaðist afar vel. Það fól í sér úrbætur á innviðum á svæðinu og leiddi af sér skemmtileg verkefni á sviði menningar- og ferðapjónustu.



Til viðbótar við þessi höfuðvagi tók Skúli að auki þátt í ýmsum ráðstefnum og veitti ráðgjöf til fjölda verkefna. Hann lagði metnað sinn í að sækja eins marga menningarviðburði á Vestfjörðum og honum var unnt.

Heilmargt er á teikniborðinu á þessu ári. Vinna við undirbúning Púkans er hafin og hefur Skúli líka verið að vinna að verkefni sem snýr að lengingu ferðamannatímabilsins á Vestfjörðum. Þá verður á árinu talsvert umfangsmikil vinna við nýja Sóknaráætlun og menningarstefnu Vestfjarða.

Samstarf safna og menningarstofnana hefur Skúla lengi verið ofarlega í huga og mun hann halda áfram vinnu við að efla það. Þá verður áframhaldandi vinna við að kynna Vestfirði sem vænlegan valkost til kvikmyndagerðar. Samstarf við menningarfulltrúa landshlutanna verður enn eflt, en árlegur staðfundur þeirra á þessu ári fer fram á Patreksfirði í maí.

Skúli veitir góð ráð og leiðbeinir við allskyns menningarverkefni, s.s. sýningar, hátíðir, tónleika, kvikmyndagerð, samstarfsverkefni og gerð styrkumsókna.



# SÖLVI R. GUÐMUNDSSON



Sölvi (fyrir miðju) ásamt forstöðufólki MAS og Ferðamálastjóra

Sölvi hefur starfað hjá Vestfjarðastofu í tæp tvö ár. Hann er teymisstjóri markaðs og menningar. Í teymi markaðs og menningar vinnur hann náið með öðru starfsfólki Vestfjarðastofu eins og Vilborgu, Steinunni, Skúla menningarfulltrúa, Þórkötlunni og Önnsku. Markaðsstofa Vestfjarða, annast ýmis ferðaþjónustutengd verkefni. Hún hefur hlutverk áfangastaðastofu og annast því útgáfu áfangastaðaáætlana, kemur að þróun ferðaþjónustunnar í fjórðungnum, sem og á landsvísi og vinnur að kynningarstarfi á Vestfjörðum sem ferðamannastaðar.

Á nýliðnu ári hafa verkefni verið fjölbreytt. Eitt af mikilvægustu verkefnum markaðsstofunnar eru kynningarmál. Þau byggja á óbeinni markaðssetningu, sem fer fram í gegnum vefsíður og samfélagsmiðla og í gegnum almannatengslaskrifstofur og blaðamenn. Einnig beinni markaðsetningu í gegnum herferðir, sem og ferðasýningar og ræða þar beint við söluaðila í greininni.

Síðan okkar, westfjords.is fékk yfir 150.000 heimsóknir á síðasta ári og náði kynningarefni á samfélagsmiðlum Facebook og Instagram til yfir 390.000 manns á mánuði. Fjórar ferðasýningar voru sóttar á árinu af markaðsstofunni: Icelandair Mid Atlantic, Mannamót, Vestnorden í Reykjavík og World Travel Market í London. Haldinn var fjöldi viðburða og námskeiða en þar má nefna námskeið í stafrænni markaðssetningu og heimsókn hæfnissetursins. Sjö blaðamenn fóru um Vestfirði á vegum markaðsstofunnar, en heimsóknir þeirra hafa oft skilað okkur góðum umfjöllunum sem hafa ratað víða.

Sumarið 2023 var keyrð stutt innanlandsherferð fyrir Vestfjarðaleiðina sem fékk yfir milljón birtingar. Vestfjarðaleiðin var ofarlega á baugi og fyrir liggur að kynna hana enn frekar sem ferðamannaleið. Ráðist var í gerð á nýju markaðsefni sem er byrjað í dreifingu. Þar sem Markaðsstofur landshlutanna eru ein af grunnstoðum ferðaþjónustu á landinu fékk Sölvi boð um að sitja í starfshópi ráðuneytis menningar og viðskipta um aðgerðaráætlun ferðaþjónustunnar til 2030 og sótti hann allnokkra fundi vegna þessa. Áframhaldandi markaðsetning Vestfjarða er í kortunum þetta árið. Efni sem var búið til 2023 verður notað í yfirhalningu á heimasíðunni, á samfélagsmiðlum og í markaðsherferð. Unnið verður að úrbótum á heimasíðu í upplýsingagjöf og efni.

Ferðasýningar verða áfram sóttar og sú fyrsta þegar afstaðin. Mannamót var haldin 18. janúar síðastliðin með hátt 1.500 gestum en markaðsstofan er ein af skipuleggjendum viðburðarins. Stefnt er að því að heimsækja ferðasýninguna Vestnorden sem verður haldin í Færeypjum í september.

Skemmtiferðaskip verða liður í starfi ársins, en þar verður lögð áhersla á samstarf og upplýsingagjöf. Að lokum má nefna nýja áherslu í því að þróa vetrarþjónustu í samstarfi við ferðaþjónu sem er liður í því að gera ferðaþjónustuna arðbærari.

Hafið þið áhuga á að vera hluti af Markaðsstofu Vestfjarða getið þið leitað til Sölva og getur hann verið innan handar með flest það er snýr að ferðaþjónustu. Viljið þið stofna ferðaþjónustufyrirtæki, þróa hugmyndir, fá upplýsingar um leyfis- eða öryggismál þá er Sölvi ykkar maður.

# ÞÓRKATLA SOFFÍA ÓLAFSDÓTTIR

Helstu verkefni Þórkötlu falla undir atvinnuþróun og nýsköpun og var það einnig svo á síðasta ári. Þar er mest áhersla á styrkumsóknir og ráðgjöf við einstaklinga og fyrirtæki. Hún er hluti af teymis Markaðsstofu Vestfjarða og hennar helstu verkefni á því sviði voru vinna við Vestfjarðaleiðina.

Vestfjarðaleiðin er ný ferðamannaleið í flóru slíkra hér á landi og er nú unnið hörðum höndum að því að festa hana í sessi og tryggja meðvitund um hana meðal ferðafólks á leið um landið, hvort sem það eru Íslendingar eða erlendir gestir. Í ár mun Þórkatla og markaðsstofan vinna áfram að hönnun og þróun Vestfjarðaleiðarinnar með áherslu á markaðssetningu. Þá mun hún áfram vinna að því að fá sveitarfélögin innan Vestfjarðaleiðarinnar til frekara samstarfs í tengslum við hana. Þá heldur hún líka áfram vinnu með opinberum aðilum eins og Vegagerðinni við merkingar á leiðinni. Þegar hefur farið fram talsverð vinna með ferðaþjónum sem eru á Vestfjarðaleiðinni og hefur meðal annars verið sett upp verkfærakista þeim til handa með viðeigandi kynningum á henni.

Í fyrrahaust var skipulagt lausnamótið, Hacking Vestfjarðaleiðin, í samstarfi við Vesturland og Bláma. Þar gafst áhugasömum um nýsköpun á svæðunum kostur á taka þátt og þróa nýjar og spennandi lausnir. Það var til mikils að vinna en Vestfjarðastofa og SSV lögðu til 300.000 verðalaunafé fyrir sigurlausnina. Það voru þau Diego Ragnar Angemi og Leiry Seron sem báru sigur úr bítum með samflotslausnina Góða ferð.



Vestfjarðaleiðin  
#TheWestfjordsWay

Interreg



Co-funded by  
the European Union

Northern Periphery and Arctic

MERSE



Á síðasta ári lagði Þórkatla talsverða vinnu í undirbúning Fjöruseturs á Barðaströnd og heldur sú vinna áfram í ár. Þá skipulagði hún Beint frá býli daginn á Vestfjörðum sem var haldinn á Gamla bænum á Brjánslæk. Þar var 15 ára afmæli félagsins fagnað með köku og kynningum vestfirskra smáframleiðenda og tókst stórvel til. Undanfarið hefur þó mest þúður farið í Evrópuverkefnið MERSE sem hún fer fyrir hjá Vestfjarðastofu og verður það líka svo í nánustu framtíð þar sem verkefnið er að fara á fullt með þátttöku samfélagslegra frumkvöðla á svæðinu.

Atvinnuþróun og ráðgjöf er ævarandi verkefni hjá Þórkötlu og verður líka svo í ár. Hún getur verið frumkvöðlum og fyrirtækjum innan handar með styrkumsóknir í hina ýmsu sjóði, ber þar helst að nefna Lóuna og Matvælasjóð.

# HJÖRLEIFUR FINNSSON



Hjörleifur Finnsson var ráðin sem verkefnastjóri umhverfis- og loftslagsmála í ágúst á liðnu ári. Meginverkefni hans í upphafi var að kortleggja helstu áskoranir sveitarfélaganna í umhverfismálum, á borð við úrgangsmál, loftslagsmál, umhverfsvottunarkerfið EarthCheck og RECET sem er evrópuverkefni um orkuskipti.

Í þessari vinnu var mikilvægt að finna út úr hvar samlegð lægi svo ekki þyrfti að finna sama hjólið upp tvisvar. Á Fjórðungsþingi Vestfirðinga síðasta haust kynnti Hjörleifur helstu niðurstöður kortlagningar sinnar um hvaða áskoronum sveitarfélög á Vestfjörðum stæðu helst frammi fyrir og hvar tækifæri til úrbóta lægju.

Ákveðið hefur verið að sveitarfélögin haldi áfram með vottunarkerfi EarthCheck. Verkefnið var áður innan Vestfjarðastofu en fór svo til Náttúrustofu Vestfjarða, en er nú aftur komið til Vestfjarðastofu og í umsjón Hjörleifs. Talsverð vinna hefur farið í að endurvefja ferla og setja nýtt starfsfólk inn í umsjónarkerfið, en nú er það komið af stað.

RECET eða *Rural Europe for the Clean Energy Transition* er þriggja ára samstarfsverkefni fimm landa og fjölmargra sveitarfélaga. Það er leitt af Íslendingum og er ætlað að efla getu sveitarfélaga til að takast á við orkuskipti og smíða orkuskiptaáætlanir fyrir svæðin í samvinnu og samstarfi við hagsmunaaðila og atvinnulíf. Talsverð vinna hefur farið í að koma því verkefni á laggirnar og kynna það hluteigandi aðilum.

Í ár verða verkefni Hjörleifs að mestu í sömu málaflökkum og á síðasta ári, nema að sú ánægjulega breyting hefur orðið á að margt er nú komið á skrið. Svæðisáætlun um úrgang verður tilbúin næsta haust og gerð loftslags- og orkuskiptaáætlana hefst formlega á málþingi í Edinborgarhúsinu á Ísafirði þann 8 febrúar n.k. Öll eru velkomin á málþingið sem láta sig umhverfismál sveitarfélaga varða og eru kjörnir fulltrúar á Vestfjörðum og starfsfólk sveitarfélaga sérstaklega hvatt til að mæta.

Auk fyrrgreindra verkefna sinnir Hjörleifur allri almennri ráðgjöf um umhverfismál og sértækri ráðgjöf um umsóknir í Framkvæmdasjóð ferðamannastaða, en Hjörleifur var starfsmaður sjóðsins um þriggja ára skeið.



# ANNA SIGRÍÐUR ÓLAFSDÓTTIR



Anna Sigríður Ólafsdóttir eða Annska eins og hún er yfirleitt kölluð hóf störf hjá Vestfjarðastofu í ágústmánuði á síðasta ári. Hún er verkefnisstjóri miðlunar og hefur fjölbreytt verkefni með höndum. Fyrsta verkefni hennar var að liðsinna við Púkann, barnamenningarhátíð á Vestfjörðum sem haldin var í fyrsta sinn í septembermánuði. Í október sat hún sitt fyrsta fjórðungsping og var þar með erindi um ímynd Vestfjarða, en eitt af því sem Vestfjarðastofa vinnur að leynt og ljóst er ímyndarmál fjórðungsins.

Af verkefnum þessara fyrstu mánaða má nefna fundasetu hist og her. Ógerningur væri að telja það allt upp en öll sú vinna hefur lagt til við að koma henni inn í nýja starfið, skilja betur hlutverk Vestfjarðastofu og byrja að skilgreina hverju hún þarf að vinna að. Hún hefur lengi gert sér grein fyrir mikilvægi góðra tengsla og hefur hún verið að koma sér upp nýjum tengslum og treysta fyrri bönd og er spennt fyrir framhaldinu nú þegar hún er byrjuð að ná áttum á þessum nýja vettvangi.

Fréttaskrif og textavinnsla hafa verið snar þáttur í störfum hennar og verður svo áfram. Á meðan að opið var fyrir umsóknir úr Uppbyggingarsjóði birtust umfjallanir á Facebook um skemmtileg verkefni sem hafa hlotið styrki úr sjóðnum og var þeim svo safnað saman í vefblað. Fréttabréf Vestfjarðastofu fékk yfirhalningu, það þykktist til muna og formið stækkað, svo við hvetjum ykkur til að fylgjast með þeim mánaðarlega. Hún mun halda áfram fréttaskrifum og miðlun bæði úr starfinu á Vestfjarðastofu og af svæðinu.

Annska verður líka, á þessu nýja ári, hluti af teymi Vestfjarðastofu sem sinna mun gerð nýrrar sóknaráætlunar fyrir Vestfirði; í innri vinnu þess, textagerð, miðlun og fundum. Á teikniborðinu er líka vinna við gerð miðlunarstefnu og samskiptaáætlunar fyrir Vestfjarðastofu. Miðlun úr héraði er henni mikið hjartans mál, að færa íbúum staða vald yfir umfjöllun um sjálf sig og finna ákjósanlegan vettvang til slíks. Þá er hún þessa dagana að setja saman fundaröð í húsakynnum Vestfjarðastofu á Ísafirði þar sem gestir og gangandi geta komið í hádegishléinu og fengið fróðleik um ólík mál. Fylgist endilega með því!

Þið getið leitað til Önnsku ef þið þurfið hjálp við að móta hugmyndir, til dæmis ef þið hafið óljósa hugmynd að verkefnum getur verið gott að koma til hennar í hugarflug. Að sama skapi ef þið eruð að leita að heppilegum samstarfsaðilum eða viljið finna samstarfsfleti fyrir verkefni. Hún getur verið innan handar með textagerð, skýrslugerð og ef þið viljið skrifa greinar til að senda á fjölmiðla eða gera annað miðlunarefni til að vekja athygli á málefnum fjórðungsins.



# MAGNÚS ÞÓR BJARNASON

Magnús er verkefnastjóri á sviði atvinnu- og byggðaðróunar með sérstaka áherslu á nýsköpunar- og fjárfestingaverkefni. Einkunnarorð ársins 2023 segir hann hafa verið bjartsýni.

Árið reyndist viðburðarríkt á hans vettvangi og sýndi að þegar samhugur er um verkefni og markmið þá er árangurinn ríkulegur. Árið 2023 er árið sem samstarf Vestfjarðastofu við Háskólasetrið um byggingu nýrra stúdentagarða hófst og kláraðist og var það eitt af stærri verkefnum Magnúsar á árinu. Endurnýjaður kraftur var settur í loftslags- og orkuskiptaáætlanir á Vestfjörðum með þátttöku í RECET verkefninu, sem er hluti af LIFE áætlun ESB og var Magnús fulltrúi Vestfjarðastofu í umsóknarteymi þess og fór hann ásamt Hjörleifi Finnssyni, sem nú leiðir það verkefni innan Vestfjarðastofu, til Slóveníu þar sem RECET var formlega hleypt af stokkunum í október.

Framtíðarsýn og möguleikar Vestfjarða í bláa hagkerfinu kristölluðust í flestu því sem Magnús vann að á síðasta ári. Undir bláa hagkerfið fellur nánast öll notkun mannsins á hafinu. Þar eru fiskveiðar, fiskeldi og sjávar tengd ferðaþjónusta, svo dæmi séu tekin. Vestfjarðastofa var hluti af hópi atvinnuráðgjafa sem Byggðastofnun bauð til vettvangsheimsóknar til Noregs í maí, þar sem aðilar í Osló og Þrándheimi voru heimsóttir. Í Þrándheimi hefur verið mörkuð skýr framtíðarsýn í uppbyggingu lagareldis, sem við hér Vestfjörðum getum samsamað okkur við.

Í lok maí lauk Sóknarvirki Vestfjarða sem Magnús vann með Guðrúnu Önnu. Þar var leitast við að styrkja nýsköpun innan fyrirtækja á svæðinu og tókst mjög vel. Magnús sótti ráðstefnur um þörunga, fóður og svo Lagarlíf, en ráðstefnur eru nauðsynlegur vettvangur til tengslamyndunar og kynnast verkefnum sem gagnast geta Vestfjörðum. Í starfi atvinnuráðgjafans felst að vera tengiliður og vita af fólki sem veit hlutina betur og finna slíkt fólk.



Síðasta ár hófst vinna við InWest.is, sem er fjárfestingarsíða fyrir Vestfirði og er áframhald á þeirri vinnu nú í ár. Vestfirðir hafa verið leiðandi í beinum erlendum fjárfestingum á Íslandi og leggur þessi síða sín lóð á vogarskálar þess að slíkt haldi áfram.

Það sem mun einkenna þetta ár hjá Magnúsi og væntanlega ókomna tíð er hagkerfi Vestfjarða – bláa hagkerfið. Innan þess liggja vaxtatækifæri fyrir svæðið og mun Magnús halda áfram að vinna að þeim. Vexti fylgja líka verkir og íbúðaskortur eitt þeirra verkefna sem þarf að vinna að og miðað við byggingu stúdentagarðanna, þá getum við vel ráðið við það verkefni ef við einsetjum okkur það.

Þið getið leitað til Magnúsar ef þið hyggið á fjárfestingar á Vestfjörðum og þegar bláa hagkerfið er annars vegar er hann ykkar maður.

# VILBORG PÉTURSDÓTTIR

---

Vilborg hóf nýlega störf á Vestfjarðastofu og leysir hún Steinunni Ásu af, sem er í fæðingarorlofi. Hún heldur áfram með þau verkefni sem Steinunn hefur haft á sinni könnu. Meðal verkefna framundan er vinna með ungmennum á Vestfjörðum að skipulagningu Ungmennafélags sem haldið verður í annað sinn í vor. Markmið þingsins er að gefa ungmennum (13-18 ára) frá Vestfjörðum tækifæri til að kynna hvert öðru, fræðast um samfélagið og valdefla þau til að láta skoðanir sínar í ljós og hafa áhrif. Á þinginu er kjörið ungmennaráð Vestfjarða, sem starfar sem ráðgefandi nefnd fyrir stjórn Fjórðungssamband Vestfirðinga. Ráðið er kjörið til eins árs í senn og á þinginu er kjörinn einn aðalmaður og einn varamaður úr hverju sveitarfélagi á Vestfjörðum þar sem ungmenni eru búsett. Kjörgeng eru þau sem verða 13-18 ára á árinu sem þingið fer fram og eiga lögheimili á Vestfjörðum. Ráðið fundar þrisvar sinnum á ári hið minnsta, þar af einn staðfundur. Ungmennafélagið verður auglýst þegar nær dregur.

Uppfærsla á samantekt Áfangastaðaáætlunar Vestfjarða er annað verkefni á borði Vilborgar. Helstu markmið með áfangastaðaáætlunum landshlutanna eru að stuðla að ábyrgri ferðaþjónustu sem skilar sem mestum hagnaði til samfélaga, um leið og mögulegum neikvæðum áhrifum er haldið í lágmarki. Árið 2018 gaf Vestfjarðastofa út fyrstu áfangastaðaáætlun fjórðungsins. Í henni var að finna ítarlega greiningu á stöðu ferðaþjónustu á Vestfjörðum og stefnu fyrir greinina, ásamt aðgerðaráætlun. Metin var þörf fyrir uppbyggingu innviða og lögð drög að heildstæðri áætlanagerð fyrir ferðaþjónustuna. Síðan voru helstu upplýsingar úr áætluninni voru gefnar út í samantekt. Þessi samantekt er lifandi skjal sem er uppfært reglulega með nýjustu tölum og vinnur Vilborg að því þessa dagana.

Vilborg sinnir einnig ýmsum verkefnum fyrir Markaðsstofu Vestfjarða líkt og kynningarmálum, blogg færslum og fleiru. Fyrsta stórverkefni ársins hjá Markaðsstofunni var að skipuleggja hina árlegu ferðakaupstefnu Mannamót markaðsstofa landshlutanna í samvinnu við hinar markaðsstofurnar. Mannamótin voru haldin í Kórnum í Kópavogi þann 18. janúar og tókust með eindæmum vel.



Markaðsstofa  
**Vestfjarða**



## MARGRÉT BIRKISDÓTTIR

Gréta kom til Vestfjarðastofu frá Atvinnuþróunarfélagi Vestfjarða og hefur hún því verið hjá Vestfjarðastofu frá upphafi hennar. Hún sér um bókhald stofnunarinnar og hefur hún því haft í nægu að snúast upp á síðkastið við skil á ársreikningi. Gréta heldur fast á spöðunum og passar upp á að allir skili sínu – alltaf – á réttum tíma.

## KRISTÍN HULDA GUÐJÓNSDÓTTIR

Kristín Hulda kom til Vestfjarðastofu á síðasta ári. Hún kom inn í hlutastarf við skráningar á eldri gögnum inn á stafrænt kerfi og síðan hefur hún verið í allra handa gagnaskráningum. Hún er líka að vinna með Magneu í að koma betri reiðu á gagnaskráningarkerfið á heimasíðu okkar. Þá sér hún um að skrá mismunandi sjóði á síðuna og sjá til þess að umsóknarfrestir séu uppfærðir.

